



HÚSSTJÓRNARBRAUT

FYRIR NEMENDUR MEÐ SÉRÞARFIR

HANDVERKS- OG HÚSSTJÓRNARSKÓLINN Á HALLORMSSTAÐ

MAÍ 2017

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs UMS 161

Nafn verkefnisins: Hússtjórnarbraut fyrir nemendur með sérþarfir¹.

Nafn verkefnisstjóra: Bryndís Fiona Ford

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS 161, árið 2016

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið verkefnis fólst í þarfagreiningu á samsetningu náms fyrir nemendur með sérþarfir í hússtjórnargreinum og gerð hússtjórnarbrautar fyrir nemendur með sérþarfir við Handverks- og hússtjórnarskólann á Hallormsstað. Markmið er að veita einstaklingum með sérþarfir tækifæri til menntunar í hússtjórnargreinum, með skilgreint lokapróf og útskrift af hússtjórnarbraut skólans. Mikilvægasta markmið verkefnisins er að skapa nám sem mun nýtast nemendum í daglegu lífi, efla sjálfstæði þeirra og undirbúa þá fyrir sjálfstæða búsetu. Auk þess að opna hug þeirra fyrir frekara námi eða starfssviði og kenna þeim mikilvægi þess að lifa heilbrigðu lífi. Námið á brautinni er byggt upp með áherslu á þá áfanga sem nú þegar eru kenndir í skólanum; matreiðsla, hreinlætis- og örverufræði, heilbrigðisfræði og ýmsar handverksgreinar en er einstaklingsmiðað og með aukna áherslu á persónulegri umhirðu við athafnir daglegs lífs. Fyrir marga nemendur er búseta á heimavist skólans stórt skref í átt að aukinni ábyrgð á eigin lífi, auknum félagsþroska og sjálfsefningu. Með gerð brautarinnar er verið að fjölga þeim möguleikum sem nemendur með sérþarfir hafa til menntunar og bjóða upp á verklegt nám sem mun nýtast þeim áfram út lífið.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Við vinnslu á verkefninu var leitað til ráðgjafa varðandi námskrávinna samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskólanna; um námsleiðir og námslok sem hentar til brautarsmíðar fyrir nemendur með sérþarfir. Samstarf var við aðra skólastofnanir sem eru með skilgreint nám fyrir nemendur með sérþarfir um þarfagreiningu. Grunnur brautarinnar er byggður á áföngum sem kenndir eru við skólann en hússtjórnarnám skólans er skilgreint sem einnar annar nám.

Skólinn kynnti sér námsbrautir annarra skóla fyrir nemendur með skilgreindar fatlanir. Áfangar annara skóla í matreiðslu, hreinlætis- og örverufræði og heilbrigðisfræði ásamt ýmsum handverksáföngum skoðaðir í námskrárgrunni framhaldsskólanna. Kennarar lögðu fram vinnu við gerð áfanganalýsinga og uppbyggingu brautarinnar. Skólameistari hélt utan um brautarlýsingu og vinnu í námskrárgrunni ásamt annarri vinnu tengdri verkefninu. Huga þarf að fleiri þáttum en hefðbundnu skólastarfi þar sem nemendur brautarinnar munu dvelja á

¹ Samkvæmt reglugerð nr. 230/2012 kemur fram í 2. gr.:

Nemendur með sérþarfir teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun og geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir.

Í verkefninu er sérstaklega verið að horfa til nemenda með skilgreindar fatlanir.

heimavist og þurfa stuðning við athafnir dagslegs lífs eftir skóla og um helgar. Liðveisla og annar stuðningur er einstaklingsbundinn og takmarkaður.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Verkefnið tók lengri tíma en áætlað var samkvæmt umsókn. Breyting á inntökuskilyrðum og finna áfanga í íslensku, stærðfræði og ensku sem hægt væri að nota í kjarna brautarinnar.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Helstu hindranir í skólanámskrá þar sem stutt hagnýtt nám með skilgreindum námslokum er háð kjarnagreinum á námsbrautum framhaldskóla; íslensku, stærðfræði og ensku. Þessi fög eru ekki kennd við skólann. Breyta þarf inntökuskilyrðum í skólann þannig að nemendur hafi lokið skilgreindum einingum í kjarnafögum fyrir innritun. Einnig stendur nemendum af starfsbrautum ekki til boða skilgreint viðbótarnám á framhaldsskólastigi líkt og öðrum nemendum. Lítið er um framhaldsnám fyrir nemendur með sérþarfir að loknu námi í framhaldsskóla og þarf að bæta þar verulega úr.

Nemendur með sérþarfir eiga rétt á stuðningi í kennslustund alla skóladaga samkvæmt skóladagatali. Nemendur Handverks- og hússtjórnarskólans koma víða að og dvelja því á heimavist skólans alla daga vikunnar. Manna þarf stuðning utan hefðbundinnar kennslu og huga þarf að útfærslu á því þar sem ekki er skýrt hver greiðir fyrir slíka þjónustu.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Ný námsbraut fyrir nemendur með sérþarfir í hússtjórnargreinum, nám sem nýtist einstaklingunum við athafnir daglegs lífs, eflir sjálfstæði þeirra og undirbýr þá fyrir sjálfstæða búsetu.

Mat á verkefninu skóla:

Verkefnið felur í sér jöfn réttindi nemenda varðandi innritun á námsbraut með skilgreind námslok við skólann og opnar möguleika annarra skóla að nýta námsbrautina í sínum skóla. Komið er til móts við nemendur með sérþarfir með einstaklingsmiðuðu námi í hússtjórnargreinum. Von okkar er að verkefnið sýni fram á mikilvægi hússtjórnarbrautar fyrir nemendur með sérþarfir, hagnýtt stutt nám sem eflir sjálfstæði einstaklingsins.

Niðurstöður verkefnisins

Flestir gera sér grein fyrir mikilvægi fjölbreytts námsframboðs og vilja auka vægi verkgreina og starfsnáms fyrir nemendur á framhaldsskólaaldri. Hússtjórnarskólinn byggir á áralangri reynslu á sviði hússtjórnargreina í verklegri kennslu á sviði matreiðslu, hreinlætis- og örverufræði og heilbrigðisfræði ásamt ýmsu handverki. Námið fellur vel að grunnþáttum og lykilhæfni samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskólanna og markmiðum verkefnisins því náð að mati skólans (sjá nánar á <http://namskra.is/programmes/cbe1878a-63ab-4671-93b5-463ccf917237>). En við vinnslu á verkefninu komu upp nýjar hugmyndir sem vert er að vinna

frekar að. Skólinn lítur svo á að nám fyrir nemendur með sérþarfir, á skilgreindri hússtjórnarbraut skólans, jafnist á við nám á fjórða hæfniprepi. Umfangið, efnið og umgjörðin felur í sér tölvuverða viðbót við það nám sem fyrir er á starfsbrautum framhaldsskólanna og er til þess fallið að auka lífsleikni og hæfni nemenda talsvert. Að búa á heimavist, fjarri fjölskyldu og vinum felur í sér meira nám en námsbrautin ein nær utan um; ómetanleg lífsreynsla með auknum félagsþroska, búseta í nýju umhverfi og aukinni ábyrgð nemandans á eigin lífi. Verkefnið hefur opnað augu okkar fyrir þeirri staðreynd að fátt er um framhaldsnám fyrir nemendur með sérþarfir og þá sérstaklega skilgreindar fatlanir. Framhaldsskólar hafa möguleika á að bjóða upp á viðbótarnám á fjórða hæfniprepi, slíku er ekki að dreifa fyrir nemendur með skilgreindar fatlanir. Mikil fjölgun er á starfsbrautum og því stór hópur nemenda sem nú og á næstu árum útskrifast með ófötluðum jafnöldrum sínum sem flestir stefna á frekara nám sem nægt framboð er af. Ekki er um auðugan garð að gresja fyrir þennan nemendahóp og því væri mikilvægt að kanna grundvöll fyrir slíku viðbótanámi á hússtjórnarsviði. Jafnrétti til náms er einn af grunnþáttum í menntastefnu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, og sköpun jafnra tækifæra til menntunar óháð fötlun.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins

Verkefnið hefur nú þegar verið kynnt fyrir framhaldsskólum, nokkrum félagsþjónustum um landið og öðrum aðilum sem hafa sýnt námi nemenda með sérþarfir áhuga. Fyrirhugað er að kynna brautina enn frekar þegar formleg staðfesting frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu liggur fyrir.

Annað Hússtjórnarskólinn hefur langa reynslu af því að mæta nemendum með ýmsar sérþarfir og þroskaraskanir. Sú reynsla er góð og almenn ánægja nemenda og aðstandenda þeirra með námið. Í skólanum hafa þeir eftt sig á marga vegu, aukið kunnáttu sína og sjálfstæði. Margir nota það til að vera hæfari til sjálfstæðrar búsetu en einnig hefur námið nýst þeim í atvinnulífinu; þar sem kunnátta í þrifum og matreiðslu er eftirsóknarverð. Hússtjórnarskólinn er tilbúinn til samtals um þróun á viðbótarnámi á fjórða hæfniprepi fyrir þessa nemendur.

15. maí 2017, Hallormsstaður
Handverks- og
Hússtjórnarskólinn
Hallormsstað

Bryndís Fiona Ford

Bryndís Fiona Ford

Verkefnastjóri og skólameistari ábyrgðarskóla